

Reykjavík 08. mars 2002

Heilbrigðis- og tryggingamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.

Við undirritaðar fyrir hönd Stéttarfélags Íslenskra Félagaráðgjafa fögnum tillögu heilbrigðis – og tryggingamálanefndar um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.

Eftirfarandi eru atriði sem við viljum nefna og teljum mikilvæg í allri umfjöllun um heildarstefnu varðandi ofanefnt málefni.

1. Við teljum mikilvægt að skilgreina betur hvert er verksvið hinna ólíku stofnana. Í flokkun þeirri sem Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út virðist til dæmis vera lagt að jöfnu sem meðferðarstofnanir hvort sem um er að ræða stofnanir þar sem um faglega sérfræðingsþjónustu er að ræða og þar sem um er að ræða þjónustu byggða á sjálfboða/sjálfsþjálpar hugmyndafræði. Einnig virðist gæta ruglings hvað varðar stofnanir sem hafa það að markmiði að veita skjólstæðingunum þjónustu sem miðar að því að breytingar verði á högum þeirra og stofnana sem einungis veita skjól og gera ekki aðrar kröfur en að viðkomandi eigi við einhvern vanda að stríða. Þannig teljum við mikilvægt að gerðar séu ráðstafanir til að skilgreina þjónustuna í flokka til þess að hægt sé að taka ákvarðanir um fjármögnun sem byggðar eru á markvissari stefnu um þjónustuna.
2. Við teljum mikilvægt að það sé tryggt í meðferð sem byggð er upp fyrir börn og unglinga að hún sé sniðin sérstaklega að þeirra þörfum. Þar ber fyrst að nefna forvarnarstarf sem fyrst og fremst þarf að felast í stóraukinni þjónustu við börn og unglinga í vanda, í skólum, við heilsugæslustöðvar og víðar í samfélaginu. Einnig þarf að auka til muna innlagnarmöguleika barna og unglinga sem eiga við ýmis geðræn vandamál að stríða. Þar er mikilvægt að um sé að ræða bæði stóraukna bráðaþjónustu auk eftirmeðferðar heimila fyrir unglinga aðallega. Í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni kemur fram að komið hafi verið á laggirnar nýrri bráðamóttöku á Barna- og unglingsgeðdeild LSH. Hér virðist um misskilning að ræða vegna þess að bráðaþjónusta er sinnt að deginum til á Göngudeild BUGL en eftir klukkan fjögur veitir bráðaþjónusta á fullorðinsgeðdeild unglíngum og börnum þessa þjónustu. Innlagnarplásssum hefur ekki verið fjölgað og setur það bráðaþjónustu allri þröngan stakk.
3. Við teljum mikilvægt að tryggja að þjónusta sérstaklega við börn og unglinga sé byggð til grundvallar á þekkingarlegum grunni. Þannig hafi þeir sem sinna þeirri þjónustu bæði menntun og þekkingu til að starfa með börnum og unglíngum. Við

mælum með þverfaglegri samvinnu margra faghópa enda er oftast um að ræða fjölþættan vanda þegar um börn og unglunga er að ræða.

4. Við teljum mikilvægt þegar heildarmynd á skipulagi þjónustunnar er skoðuð að tryggt sé að mismunandi þjónustuþyngd sé tryggð á mismunandi stofnunum. Það vill bera við að erfiðustu málín fari á milli stofnana og til að tryggja þeim örugga þjónustu þarf að skipuleggja þjónustuna eftir þjónustuþyngd. Sé ekki nægilega vel búið að stofnunum hvað varðar fræðilega þekkingu er hætta á að stofnunin fari út í að sinna svokölluðum “léttari” málum.
5. Við teljum einnig mikilvægt að þjónusta fyrir fullorðna taki mið af því að þeir séu að stórum hluta til foreldrar og uppáendur. Þannig sé allri fjölskyldunni tryggð þjónusta sérstaklega í þeim tilvikum þar sem foreldrarnir eigi við vanda að etja.
6. Að lokum teljum við mikilvægt að það sé hluti af starfsemi hvernar stofnunar að gert sé árangursmat reglulega. Þannig teljum við að hægt sé að nýta reynsluna í þjónustunni betur og þar með nýta fjármagnið á markvissari hátt.

Með virðingu og vinsemd,
fyrir hönd Stéttarfélags Íslenskra Félagsráðgjafa,


Hrefna Ólafsdóttir félagsráðgjafi

Anni G. Haugen félagsráðgjafi